KPMG

# Ársskýrsla 2023

## Yfirlit yfir rekstur félagsins 2022-2023 og skuldbindingar með tilliti til umhverfis, fólks, stjórnarhátta og hagsældar



Janúar 2024

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Betri saman

Kæri hagaðili okkar hjá KPMG.

Rekstrarári KPMG ehf. lauk þann 30. september 2023 en það var 48. rekstrarár félagsins. KPMG er nú sem fyrr leiðandi aðili á þeim markaði sem félagið starfar á og veitir breiða sérfræðiþjónustu til viðskiptavina sinna. Starfsfólk félagsins voru 312 í árslok og viðskiptavinir okkar telja nokkur þúsund, á flestum sviðum viðskiptalífsins, bæði einka- og opinberir aðilar.

Ársreikningur KPMG ehf. tekur til reikningsársins 1. október 2022 til 30. september 2023. Rekstrartekjur námu 6.824 millj. kr. og jukust um 16% frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam 566 millj. kr. samanborið við 527 millj. kr. hagnað á fyrra ári. Rekstrartekjur KPMG Law ehf. námu 877 millj. kr. og jukust um 121% frá fyrra ári. Hagnaður ársins nam 60 millj. kr. samanborið við 11 millj. kr. árið áður. Rekstur ársins var í takt við væntingar stjórnenda og markmið félagsins um vöxt á árinu.

Starfsemi nýliðins rekstrarárs gekk vel og áfram er mikil eftirspurn eftir þjónustu á öllum okkar megin-sviðum og væntum við þess að svo verði áfram á nýju ári. Nokkur óvissa er í efnahagsumhverfinu og hafa vextir hækkað mikið á síðustu misserum og verðbólga er enn tiltölulega há, þó svo að væntingar séu um að hvort tveggja fari að lækka á næstunni. Þá eru framundan kjaraviðræður á vinnumarkaði þar sem niðurstaða getur haft talsverð áhrif á efnahagsþróunina.

Eignir KPMG ehf. í lok september 2023 námu 2.643 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 29%, samanborið við 32% árið áður. Ársreikningar beggja félaga í heild sinni eru aðgengilegir á vefsíðu kpmg.is. Einnig má nálgast lykiltölur úr rekstri félagsins í kaflanum „Rekstur og hagsæld" í þessari skýrslu.

## Stefna okkar að vera betri saman

Við hjá KPMG leggjum áfram mikla áherslu á að veita viðskiptavinum okkar þjónustu um allt land og starfrækjum við starfsstöðvar vítt og breitt um landið. Styrkur KPMG felst í þessari breidd og þeirri miklu og fjölbreyttu flóru sérfræðinga sem vinna þétt saman, viðskiptavinum og samfélaginu öllu til hagsbóta.

Stjórnendur félagsins lögðu fram á haustmánuðum 2022 stefnu félagsins til þriggja ára um vöxt á traustum grunni. Meginstef stefnunnar er að vera betri saman en það er vegferð sem við höfum árið



**Hlynur Sigurðsson**
framkvæmdastjóri

2021 og felur hún í sér að vinna betur saman sem heild þvert á svið okkar og þjónustulínur. Drifkraftar í stefnunni eru að stuðla að ánægju starfsfólks, að vera augljóst val viðskiptavina og að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Við höfum á nýliðnu ári séð áþreifanlegan árangur af stefnumótun félagsins og skýrri og sameiginlegri sýn um arðbæran vöxt félagsins á öllum megin-sviðum þess og munum við halda áfram ótrauð á þeirri braut. Aukin áhersla okkar á samvinnu milli sviða og breiðari nálgun þjónustu okkar gagnvart viðskiptavinum hefur gefist vel. Það er okkur mikilvægt að okkar vinna hafi skýran tilgang og sé jákvætt hreyfiafl fyrir viðskiptalífið. Okkar hlutverk er að skapa traust í viðskiptalífinu og er betri saman vegferðin eitt af þeim verkefnum sem hjálpar okkur að axla það hlutverk af ábyrgð.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

Á árinu höfum við lagt áherslu á innri vöxt að mestu leyti, en höfum auk þess fjárfest í viðskiptasamböndum sem styðja við áherslur okkar í heildarþjónustu við lítil og meðalstór félög.

## Fólkið okkar og vinnustaðurinn

Á árinu lauk endurbótum á höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 27 þar sem vinnuaðstaða starfsfólks okkar og móttökuaðstaða viðskiptavina hefur verið endurnýjuð. Á sama tíma hefur aðstaða okkar í Hafnarfirði og Akranesi verið endurbætt. Þá hefur aðstaða á öðrum starfsstöðvum okkar verið til skoðunar með sama markmið. Í samræmi við umhverfisstefnu og áherslur félagsins er unnið að því að breytingar á höfuðstöðvum okkar fá Svansvottun.

Markmið félagsins er að búa starfsfólki vinnuumhverfi í fremstu röð þar sem vellíðan starfsfólks er í fyrirrúmi. Við höfum lagt til grundvallar inntak stefnu félagsins um sveigjanleika og að vera betri saman.

Okkar helsta auðlind er starfsfólkið og er lykillinn að góðum árangri félagsins. Við höfum unnið að ýmsum verkefnum sem miða að því að auka vellíðan og upplifun starfsfólks. Á árinu innleiddum við m.a. Kara velferðartorg sem nýsköpunarfélagið Kara Connect hefur hannað, en félagið hefur verið viðskiptavinur KPMG frá stofnun þess. Með því samstarfi gefst fólkinu okkar tækifæri til að sækja sér ráðgjöf til að efla heilsu sína og velferð með stuðningi KPMG. Við trúum því að góð heilsa og vellíðan ásamt jafnvægi milli vinnu og einkalífs sé lykillinn að góðu lífi.

Þá höfum við á nýliðnu ári stigið önnur skref í bættri velferð starfsfólks m.a. með því að hækka íþróttastyrk til starfsfólks og með samstarfi við Hopp um umhverfisvænan ferðamáta. Við hyggjumst halda áfram á sömu braut á nýju ári.

Þá má geta þess að við héldum á árinu okkar árlega Betri saman starfsdag þar sem allt starfsfólk hvaðanæva af landinu kom saman í höfuðstöðvum okkar í Borgartúni þar sem við efldum hópinn og skerptum á áherslum okkar og stefnu. Einnig höfum við lagt áherslu á reglulega og góða upplýsingagjöf til starfsfólks um rekstur og málefni félagsins ásamt því að fylgja eftir áhersluatriðum úr stefnu okkar.

## Sjálfbærni og stafræn þróun

KPMG ætlar sér áfram að vera í fararbroddi í sjálfbærnimálum og við ætlum að miðla okkar reynslu til viðskiptavina okkar og styðja við þá á þeirra sjálfbærnivegferð. Við höfum á að skipa öflugum sérfræðingum á sviði sjálfbærni þegar kemur að ráðgjöf, vottunum og staðfestingarvinnu. Stefnumál okkar á sviði sjálfbærni eru fléttuð inn í heildarstefnu félagsins og leggjum við á það áherslu að ganga á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Við höldum áfram á þeirri vegferð að stuðla að stafrænni þróun í okkar verkferlum og vinnulagi og viljum aðstoða okkar viðskiptavini við slíkt hið sama. Við ætlum áfram að fjárfesta í þróun stafrænnar þjónustu og lausna sem munu nýtast viðskiptavinum við að ná árangri í rekstri.

Við hlökkum til að fara inn í nýtt rekstrarár með öflugan hóp starfsfólks og takast á við þær áskoranir sem viðskiptavinir okkar standa frammi fyrir. Með innsæi og þekkingu okkar að leiðarljósi ætlum við áfram að færa viðskiptalífinu virði og auka traust. Við munum gera okkar besta til að standa undir því trausti sem okkur er sýnt.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Um skýrsluna

**KPMG á Íslandi gefur í þriðja sinn út ársskýrslu sem tekur til reksturs, starfsemi og sjálfbærni hjá KPMG ehf. og KPMG Law ehf. fyrir rekstrarárið 1. október 2022 til 30. september 2023.**

Í takt við kröfu Evrópusambandsins um samþættingu fjárhagslegra og ófjárhagslegra upplýsinga gerir félagið breytingar á útgáfu aðgreindra skýrslna fyrir rekstur og sjálfbærni og samþættir nú í eina skýrslu. Umfjöllun þessarar meginskýrslu nær til allra starfsstöðva KPMG á Ísland sem eru 16 talsins.

KPMG veitir ólíkum hópum viðskiptavina ráðgjöf og þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, bókhalds, skattskila, lögfræðilegra málefna og viðskiptaráðgjafar.

Skýrslan í heild sinni fylgir ekki sérstökum viðmiðum eða staðli en stuðst er við UFS leiðbeiningar Nasdaq auk þess sem byrjað er að horfa til nýrra staðla Evrópusambandsins, ESRS, um upplýsingagjöf í sjálfbærni. Umhverfishluti skýrslunnar er unnin eftir aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Félagið hefur ekki skilgreint Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem það hyggst styðja sérstaklega við í sínum rekstri.

Þar sem KPMG á Íslandi eða KPMG kemur fram í skýrslunni er verið að vísa til allrar starfsemi bæði KPMG ehf. og KPMG Law nema annað sé tekið fram.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Rekstur og hagsæld



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Lykiltölur úr rekstri

## KPMG ehf.

### Rekstrartekjur
6.824 mkr.

5.891 mkr. 2021/2022

### Eignir
2.644 mkr.

2.247 mkr. 2021/2022

### Eiginfjárhlutfall
29%

32% 2021/2022

### Veltufjárhlutfall
1,1

1,2 2021/2022

### Hagnaður ársins
566 mkr.

527 mkr. 2021/2022

### Eigið fé
774 mkr.

724 mkr. 2021/2022

## KPMG Law ehf.

### Rekstrartekjur
877 mkr.

397 mkr. 2021/2022

### Eignir
473 mkr.

126 mkr. 2021/2022

### Eiginfjárhlutfall
19%

33% 2021/2022

### Veltufjárhlutfall
1,23

1,49 2021/2022

### Hagnaður ársins
60 mkr.

11 mkr. 2021/2022

### Eigið fé
90 mkr.

42 mkr. 2021/2022

KPMG

# Starfsemi

KPMG á Íslandi er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu 37 hluthafa sem allir eru starfandi hjá félaginu. KPMG ehf. heldur á sérleyfi frá KPMG Global og lýtur eftirliti og kröfum þaðan. Hlutafé félagsins nam 32 millj. kr. í árslok.

## Rekstri félagsins er skipt upp í fjögur svið

- Endurskoðunarsvið
- Ráðgjafarsvið
- Bókhaldssvið
- Þróun og rekstur

## KPMG Law

KPMG Law er sérhæfð alþjóðleg lögmannsstofa. Stofan byggir á grunni skatta- og lögfræðisviðs KPMG, sem á sér langa sögu, en hefur frá 2017 verið rekin í sér félagi. Framkvæmdastjóri KPMG Law situr jafnframt í framkvæmdastjórn KPMG á Íslandi.

## Framkvæmdastjórn KPMG á Íslandi
























ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu



## Stjórn KPMG

**Hrafnhildur Helgadóttir**
stjórnarformaður

**Magnús Erlendsson**

**Jónas Rafn Tómasson**

**Sigríður Soffía Sigurðardóttir**

**Haraldur Örn Reynisson**

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu


# Stefna KPMG og markmið til 2025

**Framtíðarstefna KPMG er að vaxa á sterkum grunni. Sett hefur verið skýrari stefna til ársins 2025 og stendur hún á tveimur undirstöðum um að vera betri saman og að auka skilvirkni.**

Drifkraftar stefnunnar eru þrír: ánægt starfsfólk, að vera augljóst val viðskiptavina og hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Sjálfbærnimarkmið KPMG eru fléttuð inn í heildarstefnu félagsins.

Stefna KPMG á Íslandi byggir á megintilgangi KPMG á alþjóðlegum vettvangi en það er að efla traust á fjármálamörkuðum og vera drifkraftur jákvæðra breytinga í samfélaginu öllu.

Til þess að ná þeim markmiðum sem félagið hefur sett sér til ársins 2025 þarf KPMG að sækja fram með verkefnum og aðgerðum þar sem sjálfbærni, starfsánægja, ánægja viðskiptavina og sterk markaðsstaða halda áfram að vera grunnstoðir þess.



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu


# Gildi

**KPMG vinnur eftir fimm gildum en þau eru leiðarljós og kjarninn í öllu því sem félagið gerir í daglegum rekstri.**

Gildin samanstanda af því að starfa eftir heilindum, samheldni í krafti ólíkra styrkleika, að hafa hugrekki til þess að hugsa djarft og umbúðalaust, að stefna ávallt að framúrskarandi árangri og að verk félagsins séu unnin til hins betra.

## Heilindi

Við veljum réttu leiðina

## Framúrskarandi árangur

Við hættum aldrei að læra og gera betur

## Til hins betra

Verk okkar skipta máli og við látum gott af okkur leiða



## Samheldni

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og eflumst með því að nýta mismunandi styrkleika okkar

## Hugrekki

Við hugsum djarft og framkvæmum umbúðalaust

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Stjórnskipulag sjálfbærnimála

**Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili sjálfbærnimála KPMG á Íslandi og hefur yfirsýn og eftirlit með þeim málum. Framkvæmdastjóri samþykkir jafnframt og ber ábyrgð á stefnu félagsins.**

Stjórn KPMG ber að þekkja vel til sjálfbærnimálefna félagsins sem og framkvæmdastjórn en framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu þeirra málefna sem heyra undir hvert starfssvið og hefur þar að auki yfirsýn yfir markmið og stefnu á hverju starfssviði.

Sjálfbærninefnd er skipuð af framkvæmdastjóra félagsins sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Auk framkvæmdastjóra eru í nefndinni fjármálastjóri, mannauðsstjóri, forstöðumaður viðskiptaþróunar, einn hluthafi og sérfræðingur á sviði sjálfbærni. Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með innleiðingu og eftirfylgni sjálfbærnimála þvert á félagið auk þess að vera haghöfum félagsins til upplýsinga um þau málefni sem heyra undir nefndina.



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Mikilvægisgreining

**Til að auka jákvæð áhrif af starfsemi okkar og draga úr neikvæðum áhrifum hennar var gerð mikilvægisgreining fyrir KPMG á Íslandi árið 2021.**

Var greiningin gerð út frá fjórum þáttum sjálfbærni; umhverfi, stjórnarháttum, félagslegum þáttum og hagsæld. Félagslegu þættirnir og stjórnarhættirnir vega hvað þyngst í greiningunni en á sviði umhverfis og hagsældar höfum við einnig áhrif.

Metið var að eftirfarandi þættir væru þeir sem væru mikilvægir fyrir okkur að vinna að og við gætum haft sem mest áhrif á. Sjálfbærnivegferð okkar og skýrslugjöf undanfarin ár byggir á þessum þáttum.

## Uppfærð mikilvægisgreining

KPMG á Íslandi hóf á árinu vinnu við að uppfæra mikilvægisgreininguna. Í uppfærðri greiningu er byggt á kröfum Evrópusambandsins um upplýsingagjöf í sjálfbærni út frá tvíþátta mikilvægi þar sem áhersla er á að greina áhættu, tækifæri og áhrif. Í greiningunni eru einnig nýttir þeir mikilvægisþættir sem KPMG Global hefur skilgreint. Greiningin verður kláruð á nýju starfsári.

### Félagslegir þættir

- Fjölbreytileiki, inngilding og réttsýni
- Heilsa og vellíðan
- Þjálfun og endurmenntun
- Samskipti við nærsamfélagið

### Stjórnarhættir

- Viðskiptasiðferði
- Gagnaöryggi
- Skýrslugjöf og samskipti við hagaðila

### Hagsæld

- Atvinna og verðmætasköpun

### Umhverfi

- Loftslagsbreytingar
- Áhrif í virðiskeðjunni

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Þjónusta KPMG um allt land

**Markmið KPMG á Íslandi er að veita fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum um allt land gæða þjónustu á breiðum grunni.**

KPMG veitir þúsundum aðila mikilvæga grunnþjónustu og ráðgjöf á sviði bókhalds og reikningsskila, endurskoðunar, rekstrarráðgjafar og lögfræðilegra málefna. Þjónusta okkar er mikilvæg viðskiptavinum okkar til að stunda löglega, og sjálfbæra viðskiptahætti og til að ná árangri í sínu starfi. Stefna KPMG er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og við viljum vera fyrsta val viðskiptavina á markaðnum.

Starfsstöðvar KPMG eru 16 talsins og dreifast um allt land. Umfangsmesta þjónusta KPMG er á sviði bókhalds, launavinnslu, reikningsskila og endurskoðunar og starfsfólk á skrifstofum okkar sinnir þeim störfum fyrir viðskiptavini á öllum starfsstöðvum.

Vöxtur er í ráðgjafarþjónustu KPMG og starfar öflugur hópur á starfsstöðvum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri við ýmis ráðgjafarverkefni fyrir viðskiptavini okkar um allt land.

Þá veitir KPMG Law bæði skatta- og lögfræðiþjónustu fyrir KPMG og sem lögmannsstofa er fyrirtækið búið sérfræðingum á ýmsum sviðum með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Starfsfólk KPMG og KPMG Law er að auki í sterkum tengslum við alþjóðlegt net sérfræðinga KPMG Global.

Á árinu styrktum við enn frekar þjónustu okkar við fyrirtæki á Norðurlandi þegar fest voru kaup á Bókhaldsstofu Þórðar Stefánssonar og jókst fjöldi starfsfólks um sex á nýju starfsári. Að auki er sérfræðingur frá KPMG Law nú í hópi starfsfólks á Akureyri. Starfsstöð okkar á norðurlandi hefur nú á að skipa sérfræðinga af öllum starfssviðum félagsins.



KPMG


**Dalvík**
Ráðhúsi
**Akureyri**
Glerárgötu 24
**Blönduós**
Húnabraut 13
**Sauðárkrókur**
Borgarmýri 1a
**Stykkishólmur**
Aðalgötu 5
**Egilsstaðir**
Fagradalsbraut 11
**Reyðarfjörður**
Austurvegi 20
**Borgarnes**
Bjarnarbraut 8
**Höfn í Hornafirði**
Litlabrú 1
**Akranes**
Bárugötu 8-10
**Reykjavík**
Borgartúni 27
**Reykjanesbær**
Krossmóa 4
**Selfoss**
Austurvegi 4
**Hella**
Þrúðvangi 5
**Vestmannaeyjar**
Ægisgötu 2
**Hafnarfjörður**
Reykjavíkurvegi 76

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Sjálfbærni og stafræn þróun

**Sjálfbærni er samofin öllum þjónustuþáttum félagsins og kröfur í regluverki kalla á þjónustu sérfræðinga af öllum sviðum, þar með talið endurskoðenda, ráðgjafa og lögfræðinga.**

Má þar meðal annars nefna innleiðingu á reglugerðum flokkunarkerfis Evrópusambandsins (EU Taxonomy), innleiðingu á lögum um vernd uppljóstrara, auknar kröfur um gagnsæi í skattamálum og undirbúning fyrir staðfestingar á ófjárhagslegum upplýsingum.

Að auki hefur sjálfbærniteymi KPMG unnið með fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum í útreikningum á losun gróðurhúsalofttegunda og stefnumótunar á sviði sjálfbærni.

KPMG leggur einnig mikið uppúr því að tengja stafræna þróun við þjónustuframboð sitt þvert á félagið. Innan KPMG er lögð áhersla á ýmsa tækniþróun til að bæta skilvirkni og ferla sem nýtist viðskiptavinum okkar til hagsbóta. Þar má nefna stafræna vegferð í bókhaldsþjónustu KPMG og endurskoðun.

Þá hefur KPMG þróað margvíslegar lausnir fyrir viðskiptavini, til dæmis sveitarfélagasjána og áætlunarlíkön. Innan KPMG eru teymi sérfræðinga sem aðstoða viðskiptavini við að ná aukinni skilvirkni í notkun Microsoft 365 og sinna ráðgjöf í stafrænni vegferð.

> **“ Innan KPMG er lögð áhersla á ýmsa tækniþróun til að bæta skilvirkni og ferla sem nýtist viðskiptavinum okkar til hagsbóta.**



# Sérþekking innan atvinnugreina

**KPMG leggur upp úr því að skapa sérþekkingu í viðfangsefnum fyrirtækja og stofnana innan lykil atvinnugreina í íslensku atvinnulífi.**

Byggð hafa verið upp þverfagleg teymi innan félagsins sem greina þarfir viðskiptavina hverju sinni og bjóða fram þá þjónustu og þekkingu sem hentar hverri atvinnugrein. Þar má nefna sveitarfélagateymi KPMG, en í ár eins og fyrri ár hefur KPMG verið einn af lykilaðilum í fjölmörgum verkefnum sveitar-félaga á Íslandi. Eru það meðal annars verkefni sem tengjast fjármálum, áætlanagerð, sameiningum sveitarfélaga og stefnumótun.

Þá má einnig nefna öflugt starf sprota- og nýsköpunarteymis KPMG sem hefur starfað með sprotafyrirtækjum með margvíslegum hætti. Helsta framlag okkar hefur verið í gegnum afslætti á þjónustu ásamt því að taka þátt í rekstri Musterisins sem er skrifstofuaðstaða fyrir sprota- og nýsköp-unarfyrirtæki í Borgartúni 27.

Á starfsárinu var framlag okkar í formi afslátta til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja um 35 millj. kr. sem jafnast á við um tvö stöðugildi á ári.

Þá hefur starfsfólk okkar stutt umhverfi nýsköpunar-fyrirtækja með því að sinna dómnefndarstörfum, halda fræðsluerindi og leiðbeina þátttakendum í nýsköpunarhröðlum.

Til viðbótar má nefna að atvinnugreinateymi KPMG hafa sérhæft sig í starfsemi fjármálafyrirtækja, ferðaþjónustu, orku- og innviðafyrirtækja, fasteigna-félaga og verktaka, sjávarútvegsfélaga, opinberra fyrirtækja og stofnana, fyrirtækja í verslun og þjónustu og almannaheillafélaga.



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Þekkingarmiðlun

Við leggjum áherslu á að miðla þekkingu okkar á mikilvægum þáttum í rekstri fyrirtækja. Á starfsárinu héldum við fjölda funda og viðburða þar sem fjallað var um ýmis viðfangsefni. Við viljum þakka þeim sem mættu á viðburðina hjá okkur á árinu.







## 2022

**Október**

### Er framtíðin sjálfbær og gagnsæ?

Morgunfundur um upplýsinga-gjöf fyrirtækja í sjálfbærni.

**Nóvember**

### Lög um ársreikninga

Námskeið um ýmis atriði í lögum um ársreikninga og framsetningu þeirra.

**Nóvember**

### Kauprréttir starfsfólks

Námskeið um reikningshaldslega og skattalega meðhöndlun kaup-réttarsamninga við starfsfólk.

**Nóvember**

### Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Námskeið um helstu reglur IFRS 1 um upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

**Nóvember**

### Sjálfbærni og reikningsskil

Námskeið um ýmis mál sem tengjast sjálfbærni, bæði núgild-andi og komandi reglur um ófjárhagslegar upplýsingar.

**Nóvember**

### Framtíð fjármála

Fundur með kvenkyns fjármála-stjórum fyrirtækja um framtíðar-þróun í fjármálum.

KPMG

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# 2023

**Janúar**

## Skattafróðleikur KPMG

Skattabreytingar á árinu og ýmis skattaleg málefni. Skattabæklingur KPMG kom út í tengslum við fundinn.

**Janúar**

## Nýársmálstofa ferðaþjónustunnar

Málefni ferðaþjónustunnar í brennidepli í samvinnu við SAF og Íslenska ferðaklasann.

**Janúar**

## Opinn fundur um sjálfbærni haldinn í Vestmannaeyjum

Fundur í Þekkingarsetrinu í Vestmannaeyjum með sjálfbærniteymi KPMG.

**Janúar**

## Milliverðlagning

Grunnnámskeið um milliverðlagningu (Transfer pricing) sem haldið var af starfsfólki KPMG Law.

**Júní**

## Hringrásarhlutfall Íslands

Fundur um stöðu hringrásarhlutfalls á Íslandi og tækifærin sem í því liggja. Skýrsla sem unnin var í samvinnu við Guðmund Steingrímsson var kynnt á fundinum.

**Júní**

## ESG og upplýsingagjöf um skattamál

Vinnustofa um gegnsæja upplýsingagjöf um skattamál með erlendum sérfræðingum KPMG, Global Reporting Initiative og ATP lífeyrissjóðnum í Danmörku.










**September**

## Með vindinn í fangið

Morgunfundur um nýtingu vindorku og hvernig hægt er að ná sátt allra hagsmunaaðila.

**September**

## Hlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefnda

Morgunfundur fyrir endurskoðunarnefndir með Tim Copnell, forstöðumanni Audit Committee Institute hjá KPMG í Bretlandi.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Samstarf og önnur verkefni

**KPMG tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og er aðili að helstu samtökum í íslensku atvinnulífi.**

## Sjálfbærnimál

- Festa
- Grænvangur
- IcelandSIF
- UN Global Compact

## Atvinnugreinafélög

- Íslenski ferðaklasinn
- Íslenski orkuklasinn
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök verslunar og þjónustu
- Viðskiptaráð Íslands

## Önnur verkefni

- Framúrskarandi fyrirtæki
- Gulleggið
- Hinsegin dagar - stuðningsaðili
- JA Iceland | Ungir frumkvöðlar
- Norðanátt
- Nýsköpunarvikan

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Starfsnám

**Í samræmi við stefnu um að vera eftirsóknarverður vinnustaður og áhrif okkar í gegnum atvinnu og verðmætasköpun höfum við lagt áherslu á að bjóða upp á starfsnám fyrir nemendur á háskólastigi, einkum í verk- og tölvunarfræði.**

Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík bjóðum við nemendum bæði í grunn- og framhaldsnámi að koma til okkar og verja frá 120-300 klst. hjá okkur. Áhersla er á hagnýt og gagnleg verkefni bæði fyrir nemendur og félagið. Starfsnámið er hluti af háskólanámi nemendanna og fá þau einingar fyrir.

# Skattar

**KPMG er samfélagslega ábyrgt fyrirtæki og við viljum leggja okkar af mörkum til samfélagsins í formi skattgreiðslna.**

Við höfum síðastliðin ár reiknað skattspor okkar. Þar er að finna yfirlit yfir alla greidda skatta félagsins. Skattspor félagsins nam samtals ríflega 2,1 milljarði króna.

Á starfsárinu tókum við fyrsta skrefið í átt að skipulagðari skattframkvæmd og nálgun og höfum það að markmiði að halda þeirri vegferð áfram og vinna í samræmi við meginreglur KPMG á heimsvísu um ábyrga skattframkvæmd og auknar kröfur um afstöðu og stjórnun skattamála hjá fyrirtækjum.

Árlega eru skattframtöl hluthafa KPMG ehf. og KPMG Law yfirfarin af skattsérfræðingum okkar auk þess sem KPMG á heimsvísu gerir árlega úttekt á úrtaki skattframtala eigenda.



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# KPMG í samfélaginu

**Á árinu var mótuð stefna varðandi samfélagsstyrki þar sem áhersla var lögð á starfsemi okkar um allt land. Markmið okkar er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og styrkja nærsamfélag starfsstöðva okkar á hverjum stað fyrir sig.**

Við val á verkefnum er leitast við að styðja verkefni sem tengjast íþróttastarfsemi eða stuðla að almennu heilbrigði, umhverfismálum og sjálfbærni. Allar umsóknir um stuðning félagsins eru nú teknar fyrir mánaðarlega og berast þær í gegnum gátt á vef KPMG. Verkefni eru metin út frá umfangi og er þess gætt að þau hafi ekki áhrif á óhæði félagsins þegar kemur að núverandi viðskiptasamböndum. Verkefni sem hljóta samþykki eru unnin í samvinnu við starfstöðvar KPMG á hverjum stað fyrir sig.

Við styðjum fjölda íþróttafélaga á þeim svæðum þar sem við erum með starfsstöðvar. Við leggjum áherslu á að stuðningur til íþróttastarfs falli með jöfnum hætti óháð kyni og leggjum áherslu á að styðja við bakið á börnum og ungmennum í íþróttastarfi. Við höfum á árinu styrkt fjölmörg verkefni vítt og breitt um landið og viljum gera samninga við félögin á hverjum stað. Á síðasta ári veitti KPMG samtals 24 millj. kr. til íþróttastarfs, almannaheillaverkefna og annarra góðgerðarmála.




KPMG

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA
UM SKÝRSLUNA
REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu
FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti
STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta
UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

## Skattar greiddir til samfélagsins

**KPMG ehf. í millj. kr.**




## Fjöldi ráðninga í fullt starf




## Stuðningur við sprotafyrirtæki

**35** millj. kr.

í formi afsláttar af þjónustu sem samsvarar um tveimur stöðugildum á ári

## Efnahagslegt framlag

**KPMG ehf. í millj. kr.**

**6.824** Tekjur

5.891 árið 2022

**1.058** Rekstrar-kostnaður

865 árið 2022

**4.465** Launa-kostnaður

4.010 árið 2022

**530** Greiðslur til eigenda

470 árið 2022

## Starfsnám

**17** Starfsnemar

Fjórir voru ráðnir til starfa að starfsnámi loknu

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Fólkið okkar



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Vinnustaðastefna

**Ánægt starfsfólk er einn af þrem drifkröftum í stefnu okkar þar sem áherslan er á að vera eftirsóknarverður vinnustaður með fjölbreytt og framúrskarandi starfsfólk.**

Til þess að geta stutt við þessar áherslur með skipulögðum hætti settum við okkur vinnustaðastefnu sem byggir á heildstæðri nálgun á upplifun starfsfólks af vinnustaðnum sem byggir á eftirfarandi:

### Við höfum jákvæð áhrif

- Vinna sem skiptir máli
- Fjölbreytt verkefni
- Jákvæð áhrif á samfélag

### Við erum við sjálf

- Fjölbreytni og jöfn tækifæri
- Nýsköpun og sjálfstæði
- Félagslíf og skemmtun

### Við náum því besta úr hverju öðru

- Fjölskylduvæn og sveigjanleg
- Flott og heilsueflandi aðstaða
- Öflugt samstarf, betri saman

### Við erum alltaf að læra og vaxa

- Lærum af hvort öðru
- Fræðsla og námskeið
- Tækni og sjálfsmenntun

### Við látum til okkar taka

- Starfsþróun og tækifæri
- Endurgjöf og hvatning
- Sanngjörn laun og hlunnindi



KPMG

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Helstu verkefni og aðgerðir á árinu

- Stöðugt endurmat og uppfærsla á hvernig við búum til jákvæða upplifun starfsfólks
- Umbreytingar á húsnæði og aðstöðu
- Vinnustaðastefna okkar innleidd með áherslu á sveigjanleika og góð samskipti
- Aukin samvinna milli hópa og sviða í anda Betri saman verkefnis okkar
- Betri aðgangur að fræðslu og þjálfun í gegnum norrænt samstarf og Degreed
- Frammistöðu matsferli uppfært með áherslu á gagnsæi
- Markvissar ráðningar og markaðssetning á vinnustaðnum með áherslu á fólkið okkar
- Endurgjöf frá starfsfólki til stjórnenda haldið áfram með reglubundnum hætti með könnunum og rýnihópum

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Heilsa og vellíðan

**Starfsfólk félagsins er stærsta auðlind okkar og án þess gætum við ekki starfað. Heilsa og vellíðan starfsfólks er því í fyrirrúmi og byggir á þeirri stefnu sem félagið hefur sett sér.**

Við gerð stefnunnar var settur fram aðgerðarlisti sem unnið hefur verið eftir sem allur byggir undir aukna ánægju starfsfólks og þannig meiri vellíðan.

Á starfsárinu 2021-2022 var gert sálfélagslegt áhættumat auk þess sem teknar voru upp tíðari kannanir á líðan og starfsánægju. Á nýliðnu starfsári var unnið áfram með aðgerðir til úrbóta sem skilgreindar voru í kjölfar áhættumatsins auk þess sem haldið var áfram með reglubundnar kannanir.

Úr mánaðarlegum könnunum mælist starfsánægja 7,8 af 10 sem er hækkun frá árinu á undan. Í árlegri alþjóðlegri starfsánægjukönnun okkar mældist starfsánægja og helgun 87% sem er 4% hærra en frá fyrra ári.

Eitt af lykilverkefnum nýliðins árs var að gjörbreyta og bæta aðstöðu fólks. Í Borgartúni var lokið við að endurgera vinnusvæði starfsfólks þar sem heilsa og vellíðan var grunnforsenda allra breytinga. Mikil áhersla var á loftgæði, hljóðvist og almenna vellíðan og einnig var unnið að því að fá breytingarnar Svansvottaðar. Á breytingatímanum hefur starfsfólki einnig boðist að fá notaðan búnað og húsgögn heim til að bæta aðstöðu til heimavinnu.

Á árinu var undirbúin breytt nálgun á velferðarþjónustu og styrkja til starfsfólks. Gerður var samningur við Kara Connect og framboð af þjónustu til starfsfólks aukið. Áður gat starfsfólk fengið allt að þrjá sálfræðitíma á ári greidda en með samningi við Kara Connect fær starfsfólk aðgang að fjölbreyttari þjónustu því auk sálfræðinga er meðal annars hægt að fá þjónustu hjá svefn-, næringar- og sambandsráðgjöfum. Samhliða því var lagður grunnur að breyttum og bættum íþróttastyrk og samgöngustyrk fyrir starfsfólk.




Á árinu var gerðu samstarfssamningur við Hopp um notkun rafskúta á vinnutíma fyrir starfsfólk KPMG. Með samningum getur starfsfólk nýtt sér rafskútur Hopp milli 7 og 18 á daginn á kostnað KPMG. Ávinningurinn er tvíþættur, annars vegar fyrir starfsfólk og hins vegar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Fjölbreytileiki og inngilding

**Í takt við stefnu okkar um að vera eftirsóknarverður vinnustaður leggjum við áherslu á að starfsfólk okkar geti verið það sjálft í vinnunni. Með því viljum við stuðla að fjölbreyttum vinnustað þar sem öll hafa jöfn og sanngjörn tækifæri óháð því hver þau eru.**

Á árinu voru atvinnuauglýsingar staðlaðar og breytt til að reyna að ná til stærri hóps og einnig til að koma betur á framfæri þeirri stefnu sem unnið er eftir. Þá var KPMG einn af samstarfsaðilum Hinsegin daga.

# Samskipti við nærsamfélagið

**Einn af drifkröftum stefnu okkar er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Það gerum við með margvíslegum hætti, meðal annars með samskiptum við nærsamfélagið.**

Starfsfólk okkar getur varið því sem nemur einum vinnudegi á ári í samfélagsleg verkefni. Verkefnin eru valin af starfsfólkinu sjálfu og þurfa þau að stuðla að jákvæðum áhrifum á fólk eða umhverfi.

Árlega höldum við ýmsa viðburði og fræðslufundi í þeim málefnum sem við höfum sérþekkingu á auk þess að halda ýmis námskeið fyrir viðskiptavini og almenning. Þá sinnir hluti starfsfólks okkar kennslu við nokkrar menntastofnanir og heldur regluleg fræðsluerindi hjá fyrirtækjum og félögum.

# Þjálfun og endurmenntun

**Þjálfun og endurmenntun starfsfólks er mikilvæg fyrir starfsemi okkar. Allt starfsfólk fer í gegnum ákveðna skyldufræðslu árlega á sviði viðskiptasiðferðis og gagnaöryggis auk þess sem allt nýtt starfsfólk fær sérstaka þjálfun.**

Ásamt systurfélögunum okkar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum rekum við lærdómssetur í Riga í Lettlandi. Þar sækir starfsfólk okkar fræðslu eftir þörfum hvort sem er til að efla faglega eða persónulega hæfni. Námskeiðin eru í vaxandi mæli vefnámskeið sem dregur úr ferðalögum með tilheyrandi kostnaði og kolefnisspori.

Til viðbótar sótti hluti starfsfólks okkar ýmis starfstengd námskeið bæði innan fyrirtækisins og utan þess auk þess sem löggildir endurskoðendur og innri endurskoðendur sóttu fræðslu í samræmi við kröfur.

> **“Starfsfólk okkar getur varið því sem nemur einum vinnudegi á ári í samfélagsleg verkefni.**

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Betri saman

**Önnur af undirstöðum stefnu okkar er að vera Betri saman. Fyrir okkur þýðir það að vinna saman sem liðsheild og setja saman teymi í verkefnum sem vinna saman þvert á svið og hópa.**

Til að þetta sé hægt teljum við mikilvægt að starfsfólk þekkist og viti hvert það getur leitað vanti það ákveðna þekkingu í verkefni sín.

Á árinu héldum við áfram að vinna að því að vera betri saman. Í annað sinn héldum við ,,Betri saman daginn" þar sem starfsfólk félagsins um allt land kom saman í hópavinnu og skemmtun. Reglulega eru haldnir morgunfundir þar sem öllu starfsfólki býðst að vera með. Þar eru veittar upplýsingar, fræðsla og svigrúm til að koma saman, spjalla og kynnast.







ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA
UM SKÝRSLUNA
REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu
FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti
STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta
UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

## Kynjaskipting eftir starfshópum




*Breytt úr hlutfalli kvenna í hlutfall eftir kyni*

## Kynjaskipting stjórnenda




*Nýr mælikvarði 2023*

## Starfsmannavelta




## Kynjaskipting eftir starfshlutfalli




*Nýr mælikvarði 2023*

## Aldursskipting




*Aldursbil breytt í samræmi við ESRS staðla*

## Hættu störfum á árinu

| | Kona | Karl | Kvár |
|---|---|---|---|
| Partner | 0 | 2 | 0 |
| Senior Manager | 0 | 3 | 0 |
| Manager | 4 | 5 | 0 |
| Senior Associate | 10 | 5 | 0 |
| Associate | 11 | 7 | 0 |

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA
UM SKÝRSLUNA
REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu
FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti
STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta
UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

## Meðalfjöldi þjálfunarstunda

| | Kona | Karl | Kvár |
|---|---|---|---|
| Partner | 68 | 58 | 0 |
| Senior Manager | 90 | 109 | 0 |
| Manager | 114 | 78 | 0 |
| Senior Associate | 48 | 49 | 0 |
| Associate | 92 | 107 | 0 |

## Launajafnræði

**1,00** **1,28**

miðgildi launa

1,37 árið 2022

**2,8%**

óútskýrður launamunur karlmönnum í vil

2,6% árið 2022

## Heilsa og öryggi

**86%** starfsfólks upplifir sig öruggt á vinnustaðnum

*Mæling frá árinu 2022*
*Verður mælt aftur á árinu 2024*

## Fræðsla og starfsþjálfun

**92 klst**

á hvert stöðugildi

95 árið 2022

**55%**

starfsfólks þekkir viðbragðsáætlun fyrirtækisins ef upp kemur einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og/eða ofbeldi

*Nafni breytt úr „Starfsþjálfun“ í „Fræðsla og starfsþjálfun“ auk þess sem tímaskráningarkóðar sem upplýsingarnar byggðust áður á eru breyttir frá fyrri árum. Gert ráð fyrir að undir nýju tímaskráningarkóðum liggi að baki sama vinna og á gömlu kóðunum.*

## Þjóðerni



**11** einstaklingar með annað móðurmál en íslensku

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Stjórnarhættir



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

**Í samræmi við stefnu okkar um að vera augljóst val viðskiptavina og gera okkur kleift að sinna okkar hlutverki sem allra best hlúum við að traustu og áreiðanlegu sambandi við viðskiptavini.**

Við lítum svo á að góðir stjórnarhættir séu grundvöllur að því að geta veitt víðtæka þjónustu til fjölbreytts hóps viðskiptavina af öllum sviðum atvinnulífsins. Þannig störfum við í takt við gildin okkar en í daglegum störfum sýnum við heilindi og leggjum okkar að mörkum til að hafa áhrif til hins betra.

> **Á starfsárinu, líkt og fyrri starfsár, sótti allt starfsfólk þjálfun og staðfesti siðareglur KPMG.**

# Viðskiptasiðferði og gæðamál

**Viðskiptasiðferði er grundvöllur að öllu starfi KPMG og vísa gildi KPMG leiðina. Gildin sýna vilja okkar til að tryggja það að við störfum af heilindum í viðskiptum og samskiptum við aðra hagaðila.**

Samhliða gildum okkar fylgjum við alþjóðlegum siðareglum KPMG Global en starfsfólk og hluthafar KPMG staðfesta árlega skuldbindingu þess að starfa í samræmi við settar siðareglur. Á starfsárinu, líkt og fyrri starfsár, sótti allt starfsfólk þjálfun og staðfesti siðareglur KPMG.

Ef grunur vaknar um misferli í rekstri KPMG getur starfsfólk og ytri hagaðilar tilkynnt um slíkan grun, með nafnlausnum hætti í gegnum alþjóðlega tilkynningagátt KPMG auk þess sem vernd uppljóstrara er tryggð.

Í þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur tryggjum við óhæði og fyrirbyggjum þannig hagsmunaárekstra í starfi. Sem endurskoðunarfyrirtæki ber okkur að fylgja ströngum kröfum um gæði, óhæði og siðferði. Ásamt fyrrnefndum siðareglum KPMG Global fylgjum við einnig siðareglum alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Á starfsárinu 2023 tók gildi alþjóðlegur gæðastaðall ISQM 1 og höfum við sett okkur lágmarks viðmið varðandi alla hluta staðalsins en þau fjalla um markmið, áhættu og viðbrögð tengt gæðamálum. Nánari upplýsingar um innleiðingu ISQM 1 má finna í gagnsæisskýrslu KPMG.

Á starfsárinu var sérstök vika tileinkuð vitundarvakningu um svik í endurskoðun, Fraud Awareness Week, og bauðst starfsfólki KPMG að sækja fræðslu og aðra viðburði tengda þessu málefni.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu




# Gagnaöryggi

**Sem þekkingarfyrirtæki er gagnaöryggi einn af grundvallarþáttum í starfsemi okkar.**

Rekstur upplýsingatækniumhverfis okkar byggir á upplýsingaöryggisstefnu og skipulögðu stjórnkerfi. Við störfum samkvæmt kröfum KPMG Global um upplýsingaöryggi sem m.a. byggja á ISO stöðlum 27001 og 27002. Skipulagt innra eftirlit er á stjórn-kerfinu bæði innan fyrirtækis en einnig hjá KPMG Global. Auk þess er til staðar upplýsingaöryggis-nefnd, upplýsingaöryggisstjóri og persónuverndar-fulltrúi. Líkt og fyrri starfsár fékk allt starfsfólk og hluthafar þjálfun um gagnaöryggi og persónuvernd á árinu.

Á starfsárinu var lögð áhersla á fræðslu og unnið að forvarnastarfi með tilliti til netöryggis og sérstaklega að draga úr áhættu svikapósta. Við framkvæmdina hefur árangur verið mældur og niðurstöður skilað marktækum árangri. Markmið næsta starfsárs er að halda áfram forvarnarstarfi á þessu sviði.

Þá nýtum við einnig sérþekkingu starfsfólks okkar og veitum viðskiptavinum ráðgjöf í net- og upplýsinganetöryggi.

# Gagnsæi

**Árleg útgáfa gagnsæisskýrslu og ársskýrslu er hluti af þeim aðgerðum sem við höfum farið í til að uppfylla skuldbindingu okkar um aukið gagnsæi í rekstri.**

Með skýrslum sem þessum vonumst við til þess að sýna fram á þá þróun sem hefur átt sér stað ásamt því að varpa ljósi á þau tækifæri, áskoranir og áhættur sem við stöndum frammi fyrir.

KPMG er tilkynningarskyldur aðili og starfar að öllu leyti í samræmi við kröfur laga þar að lútandi. Okkur ber því að framkvæma áreiðanleikakannanir á öllum viðskiptavinum okkar og tilkynna tilvik til þar til bærra aðila ef upp kæmi grunur um spillingu eða mútur. Með ferlum okkar og aðgerðum leggjum við okkar að mörkum við að sporna gegn ólögmætum viðskiptum en allt starfsfólk okkar er hvatt til að tilkynna ef grunur vaknar um óeðlileg eða grun-samleg viðskipti.

Ábyrgðaraðilum og stjórnendum verkefna ber að gera grein fyrir hlutabréfaeign sinni í gegnum ákveðið kerfi, KPMG Independence Compliance System (KICS) en þannig tryggjum við óhæði í okkar þjónustu og gætum hagsmuna allra haghafa.

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Áhrifamælaborð stjórnarhátta

## Siðferði

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa staðfest að það fylgi siðareglum

✓
Menntunar- og þjálfunaráætlun tengd siðferði

## Vernd uppljóstrara

✓
Hagaðilar og starfsfólk geta tilkynnt grun um misferli með nafnlausum hætti

## Upplýsingaöryggi

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa fengið þjálfun um gagnaöryggi

✓
Skjalfest upplýsinga-öryggisstefna

✓
Markvisst eftirlit byggt á viðurkenndum stöðlum

## Ráðstafanir gegn spillingu

**100%**
Starfsfólk og hluthafar hafa fengið þjálfun í aðgerðum gegn mútum og spillingu

✓
KPMG fylgir stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn mútum og spillingu

✓
Engin staðfest atvik um spillingu og/eða mútur

✓
Engar sakfellingar vegna brota á lögum gegn spillingu og mútugreiðslum

✓
Engar sektir vegna brota á lögum gegn spillingu og mútugreiðslum

✓
Engin staðfest atvik þar sem starfsfólki var sagt upp eða refsað fyrir spillingu og/eða mútutengd atvik

✓
Engin staðfest atvik í tenglsum við samning við viðskiptaaðila sem sagt var upp eða ekki endurnýjaður vegna brota sem tengjast spillingu og/eða mútum

ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Umhverfi



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

**Í samræmi við mikilvægismat okkar frá 2021 eru loftslagsbreytingar og umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar þau umhverfismálefni sem við sem fyrirtæki getum haft mest jákvæð áhrif á. Frá 2021 höfum við reiknað losun okkar í samræmi við GHG staðla.**

Heildarlosun okkar á árinu var 660,8 tCO2Í. Losun í umfangi 1 og 2 sem er annars vegar bein losun vegna starfsemi okkar og hins vegar óbein losun vegna hita og rafmagnsnotkunar, er óveruleg og lækkar á milli ára. Losun okkar kemur fyrst og fremst frá umfangi 3 en undir það fellur ýmis óbein losun svo sem viðskiptaferðir, ferðir starfsfólks til og frá vinnu, úrgangur og innkaup.

Við beitum í fyrsta sinn greiningu á öll aðföng með nýrri aðferð sem hefur verið í þróun hjá okkur. Þessi breyting, ásamt aukningu í losun vegna flugferða, skýrir muninn á losun í umfangi 3 milli ára.

Í samræmi við markmið KPMG Global um að vera kolefnishlutlaus árið 2030 var unnið að því að greina frekar hvar félagið getur dregið úr losun og skýrari markmiðssetningu á því sviði. Sú vinna er á loka-stigum og verður kláruð á starfsárinu 2023-2024 auk þess sem við munum nýta niðurstöður útreikninga á heildar umfangi 3 við markmiðasetninguna.

Samhliða því verður gerð sjálfbær innkaupastefna og siðareglur fyrir birgja í samvinnu við systurfélög okkar á Norðurlöndunum.

Meðal verkefna sem farið var í á árinu við að draga úr losun var samstarfssamningur við Hopp, minnka húsnæði okkar í Borgartúni um hálfa hæð auk aðgerða í mötuneyti. Samningurinn við Hopp gerir starfsfólki kleift að nýta sér rafskútur Hopp frá klukkan 7-18 alla virka daga. Þannig getur starfsfólk sem býr í „rafskútuferðarfjarlægð" nýtt sér Hopp til að komast til og frá vinnu auk þess sem starfsfólk getur nýtt ferðamátann við ferðalög á vinnutíma þar sem við á.

Í mötuneyti okkar voru tekin skef til að minnka matarsóun. Viðskiptavinir mötuneytisins fá tilbúna skammta og geta valið stærð skammtsins. Þá var aftur tekin upp vigtun á mat sem hent er og vitundarvakningu hrint af stað um matarsóun.



ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA

UM SKÝRSLUNA

REKSTUR OG HAGSÆLD

Áhrifamælaborð hagsældarstefnu

FÓLKIÐ OKKAR

Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti

STJÓRNARHÆTTIR

Áhrifamælaborð stjórnarhátta

UMHVERFI

Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

KPMG

# Breytingar á húsnæði

**Á starfsárinu héldu endurbætur á húsnæði okkar í Borgartúni 27 áfram en þær hófust á starfsárinu 2021-2022. Meginmarkmið með endurbótum var að skapa betri og fjölbreyttari vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk.**

Ekki náðist að ljúka endurbótunum á starfsárinu eins og til stóð en 8. hæð hússins, sem hýsir mötuneytið, var tekin í notkun ásamt því að 1. hæð var á lokametrunum í lok starfsárs.

Stefnt er að því að klára allar endurbætur í Borgartúni 27 á starfsárinu auk þess að halda áfram endurbótum á öðru húsnæði okkar víða um land en undirbúningsvinna við það hófst á árinu. Endurbætur í Borgartúni 27 eru í Svansvottunarferli.










ÁVARP FRAMKVÆMDA-STJÓRA
UM SKÝRSLUNA
REKSTUR OG HAGSÆLD
Áhrifamælaborð hagsældarstefnu
FÓLKIÐ OKKAR
Áhrifamælaborð stefnu um fólk og félagslega þætti
STJÓRNARHÆTTIR
Áhrifamælaborð stjórnarhátta
UMHVERFI
Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

# Áhrifamælaborð umhverfis- og loftslagsstefnu

## Losun gróðurhúsalofttegunda (tCO2í)




*Í útreikningi fyrir starfsárið 2022-2023 eru fleiri þætti teknir með í Umfang 3 en árin á undan (innkaup í mötuneyti og gisting á ferðalögum).*

## Losunarkræfni




## Umhverfisstefna

KPMG fylgir formlegri umhverfisstefnu

Félagið setur sér markmið um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda

## Uppruni losunar gróðurhúsalofttegunda (tCO2í)




## Orkunotkun í starfseminni

**1.634 MWh**

### Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa

**99,0%** 2023

**96,9%** 2022

**99,5%** 2021

**100%** 2018-20

## Losun frá ferðum starfsfólks

**64,9 tonn CO2í**

Miðað við akstur til og frá vinnu og á vinnutíma. Lækkar um 3,75%

**Reykjavík**
Borgartúni 27

**Akranes**
Bárugötu 8-10

**Akureyri**
Glerárgötu 24

**Blönduós**
Húnabraut 13

**Borgarnes**
Bjarnarbraut 8

**Dalvík**
Ráðhúsi

**Egilsstaðir**
Fagradalsbraut 11

**Hafnarfjörður**
Reykjavíkurvegi 76

**Hella**
Þrúðvangi 5

**Höfn í Hornafirði**
Litlabrú 1

**Reyðarfjörður**
Austurvegi 20

**Reykjanesbær**
Krossmóa 4

**Sauðárkrókur**
Borgarmýri 1a

**Selfoss**
Austurvegi 4

**Stykkishólmur**
Aðalgötu 5

**Vestmannaeyjar**
Ægisgötu 2

Sími 545 6000

**kpmg.is**

©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.